

Þriðjudaginn 25. maí 1976.

Nr. 100/1976. **Ákærvaldið**

gegn

Kristjáni Péturssyni og

Hauki Guðmundssyni.

Dómenður:

hæstaréttardómaramirnir Magnús Þ. Torfason, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Kærumál. Réttarneitanir.

Dómur Hæstaréttar.

Sigurberg Guðjónsson setudómari hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð svo og tekið hinar kærðu ákvarðanir.

Varnaraðiljar hafa með kæru 14. maí 1976 skotið máli þessu til Hæstaréttar samkvæmt heimild í 10. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974. Hinn 17. s. m. bærust Hæstarétti gögn máls frá héraðsdómara og athugasemdir varnaraðilja hinn 18. þ. m.

Svo sem að er vikið í hinum kærða úrskurði, var setudómarrinn skipaður til „að fara með mál vegna kröfu ríkissaksóknara um dómsrannsókn á málsmæðferð, leit, handtöku og yfirheyrslu í máli tveggja varnarliðsmanna“, en rannsókn þessi beindist meðal annars að varnaraðiljum.

Er varnaraðiljar komu fyrir dóm 13. þ. m. og afhentu héraðsdómara bréf sitt, dags. sama dag, en efni þess er rakið í hinum kærða úrskurði, var eftirfarandi skráð í þingbók:

„Þar sem dómarrinn hefur lýst yfir, að hann geti ekki fallist á ofangreinda beiðni, segjast mættir vera tilknúnir að fara þess á leit, að úrskurður verði kveðinn upp um bón þeirra.

Mættir ítreka mótmæli þau, sem fram koma í ofangreindu bréfi. Þá segjast mættir fara þess á leit, að þeim verði afhent endurrit úr sakadómsbók varðandi framburð þeirra vitna, sem þegar hafa gefið skýrslu, en þeim er nú kynnt, að einungis hafi verið teknar skýrslur af varnarliðsmönnum James William Hand og Charles Edward Burrel.

Mættir ítreka gerðar kröfur og vísa til bréfs þeirra varðandi frekari rökstuðning“.

Næsta dag, 14. þ. m., kvað héraðsdómari upp hinn kærða

úrskurð án þess að taka þar efnislega afstöðu til krafna varnaraðilja, er greinir í nefndu bréfi þeirra og framangreindri bókun í þingbók, en í greinargerð héraðsdómara, dags. sama dag, segir svo um skilning héraðsdómara á kröfum þeirra:

„Þeir Kristján og Haukur óskuðu eftir úrskurði um í fyrsta lagi, að þeim yrði tilkynnt um allar fyrirtektir aðila með hæfilegum fyrirvara, og í öðru lagi, að þeim væri heimilt að vera viðstaddir allar yfirheyrslur í málinu“.

Varnaraðiljar voru viðstaddir, er hinn kærði úrskurður var kveðinn upp. Var þá bókað í þingbók:

„Aðspurðir segjast þeir óska eftir að kæra úrskurð þennan til Hæstaréttar Íslands.

Þeim er hér með tilkynnt, að ekki þyki rétt að svo stöddu að leyfa þeim að hlýða á prófun vitna. Þá er þeim kynnt, að dómarrinn telji ekki skylt að tilkynna þeim um allar fyrirtektir aðila með hæfilegum fyrirvara, en hins vegar yrði réttargæslumanni þeirra tilkynnt þær, ef þess yrði óskað. Jafnframt er því synjað að afhenda endurrit framburðar þeirra vitna, sem þegar hafa gefið skýrslu fyrir rétti.

Mættir lýsa yfir, að þeir hafi ekki í hyggju að fá sér réttargæslumann“.

Í upphafi athugasemda varnaraðilja til Hæstaréttar, er að framan getur, segir, að þær séu „vegna kæru til Hæstaréttar Íslands á úrskurði og ákvörðunum er varðar dómrannsókn kæru á hendur okkur ofangreindum“.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, hafa varnaraðiljar kært til Hæstaréttar úrskurð héraðsdómara frá 14. maí sl. og synjanir hans í þinghöldum 13. og 14. s. m. á, að þeim „verði tilkynnt um allar fyrirtektir aðila með hæfilegum fyrirvara vegna dómsrannsóknar“ setudómarans „á meintu misferli“ þeirra „í opinberu starfi“, að þeim verði leyft að hlýða á prófun vitna við greinda dómsrannsókn og að þeim verði afhent endurrit úr sakadómsbók af framburðum þeirra vitna, sem þegar hafa gefið skýrslur.

Bókun héraðsdómara í þingbók 13. þ. m., þar sem varnaraðiljar segjast „vera tilknúnir að fara þess á leit, að úrskurður verði kveðinn upp um bón þeirra“, þykir verða að skilja svo

sem héraðsdómari gerði, að þeir hafi krafist úrskurðar um kröfur sínar.

Héraðsdómari gat, hvort sem hann vildi heldur, synjað með bókun í þingbók að úrskurða um réttmæti krafna varnaraðilja eða kveðið upp sérstakan úrskurð um þetta atriði. Verður hinn kærði úrskurður því staðfestur, en kærur úrskurðarins verður að skilja svo, að varnaraðiljar krefjast þess, að hann verði úr gildi felldur. Réttara hefði þó verið af héraðsdómara, fyrst hann tók það ráð að kveða upp úrskurð, að kveða efnislega á um kröfur varnaraðilja.

Hvorki með bókunum í þingbók né í athugasemdum sínum til Hæstaréttar hafa varnaraðiljar gert ákveðnar kröfur að því er varðar kærur framangreindra synjana dómara. Byggja verður á því, að í kærunni felist krafa um, að synjanir héraðsdómara á kröfum þeirra fyrir sakadómi verði úr gildi felldar og orðið verði við kröfum þeirra.

Samkvæmt 4. mgr. 77. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974 er dómara rétt, en ekki skylt, að láta sökunaut hlýða á prófun vitna, sbr. 3. mgr. 102. gr. Ber dómara að meta það hverju sinni, áður en hann leyfir sökunaut að hlýða á prófun vitna, hvort nærvera hans torveldi rannsókn máls eða hafi þau áhrif á vitni, að það segi ekki afdráttarlaust sannleikann, sbr. 4. mgr. 77. gr. nefndra laga. Ákvörðun dómara um þetta atriði verður ekki hnekkt nema öruggt sé, að mat hans um að meina sökunaut að hlýða á prófun vitnis sé að ófyrirsynju eða óæskilegt sé vegna rannsóknar máls, að sökunautur sé ekki viðstaddur. Ekki er heldur hætta á, að sökunautur verði leyndur framburðum vitna, þar sem dómara ber, þegar honum þykir hentugt, að samprófa vitni og sökunaut, ef á greinir, sbr. 3. mgr. 102. gr. nefndra laga. Auk þess ber dómara að kynna sökunaut efni þeirra skjala, er varða gögn í opinberum málum, er hann telur slíkt hættulaust fyrir rannsókn máls, og ávallt eigi síðar en í lok rannsóknar, sbr. 78. gr. margnefndra laga.

Að svo vöxnu máli verður ákvörðun héraðsdómara um að synja varnaraðiljum að vera viðstaddir greindar vitnayfirheyrslur eigi hrundið.

Af framansögðu leiðir og að héraðsdómara er hvorki skylt að tilkynna varnaraðilja „um allar fyrirtektir aðila með hæfilegum fyrirvara“, er þingað verður í nefndu máli, sem hann fer með sem setudómari, né heldur að láta þeim í té framangreind endurrit vitnaskýrslna á þessu stigi máls.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður svo og hinar kærðu ákvarðanir.

Úrskurður sakadóms Keflavíkurflugvallar 14. maí 1976.

Málsatvik eru þessi:

Mál þetta, sem var tekið til úrskurðar í gær, bar að með þeim hætti, að ríkissaksóknari krafðist þess með bréfi, dags. 27. apríl sl., að lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli tæki til dómsrannsóknar „sakarefni það, sem getur í greindu bréfi Arnar Clausen, hrl.“, en þar var þess beiðst, að varnarmáladeild utanríkisráðuneytisins „hlutist til um opinbera dómsrannsókn vegna málsmeðferðar þeirrar, er skjólstæðingar mínir, Charles Edward Burrel, Eskihlíð 18 A, Reykjavík, og James William Hand, Hlíðarvegi 17, Ytri-Njarðvík, hlutu dagana 7.—10. nóvember 1975 við embætti lögreglustjórans á Keflavíkurflugvelli“.

Nánnar segir síðan í bréfi hæstaréttarlögmansins á þessa leið: „Þess er beiðst, að rannsakað verði sérstaklega framferði þeirra manna, Kristjáns Péturssonar, Hauks Guðmundssonar, Inga Br. Jakobssonar og John Hill, sem framkvæmdu handtöku, leit og yfirheyrslur í máli þessu, en eftir þeim upplýsingum, sem ég hefi fengið hjá umbj. m., svo og af skjölum málsins fæ ég ekki betur séð en öll meðferð þess sé meira og minna röng og ólögleg.

Þess er beiðst, að sérstaklega verði rannsakað allt, sem viðkemur handtöku umbj. m. svo og skýrslutöku af þeim, en ég fæ ekki betur séð en framkoma Kristjáns Péturssonar og Hauks Guðmundssonar, og þó fyrst og fremst framkoma Kristjáns, sé með öllu löglaus, þar sem þeir hafi án nokkurrar heimildar hafist handa í máli þessu og framkvæmt rannsókn sína á þann hátt, að eigi samrýmist ákvæðum laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála“.

Hinn 30. apríl sl. kvað lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli upp þann úrskurð, að hann viki úr dómarasæti við rannsókn

famangreinds máls, og með bréfi varnarmáladeildar utanríkisráðuneytisins, dags. 30. apríl sl., var undirritaður skipaður setu-dómari í málinu.

Hafist var strax handa í málinu, og voru teknar dómskýrslur af varnarliðsmönnunum 4. og 5. maí sl.

Í fyrradag, eða 12. maí sl., hafði Kristján Pétursson deildarstjóri símasamband við dómarrann og óskaði eftir heimild til að vera viðstaddur allar vitnayfirheyrslur í málinu. Þar sem dómarrann féllst ekki á það, mætti nefndur Kristján og fyrrnefndur Haukur Guðmundsson í réttinum í gær og óskuðu eftir, að úrskurðað væri um þá beiðni þeirra, „að okkur verði tilkynnt um allar fyrirtektir aðila með hæfilegum fyrirvara, vegna dómsrannsóknar yðar á meintu misferli undirritaðra í opinberu starfi“, eins og segir í bréfi þeirra, sem þeir lögðu fram.

Þá segir enn fremur í þessu bréfi orðrétt: „Við teljum okkur hafa ótvíræðan rétt á að vera viðstaddir yfirheyrslur, sbr. 4. málsg. 77. greinar laga nr. 74/1974, enda verður ekki séð, að návist okkar geti á neinn hátt torvelað eða skaðað framgang rannsóknarinnar og ekki hefur verið kveðinn upp úrskurður um, að rannsókn skuli fara fram fyrir luktum dyrum.

Við mótmælum mjög harðlega þeim fyrirtektum, sem fram hafa farið í málinu án okkar vitneskju.

Virðingarfyllt,

Kristján Pétursson, deildarstjóri

Haukur Guðmundsson, rannsóknarlögreglumaður“.

Niðurstaða.

Ekki verður fallist á þá skoðun Kristjáns Péturssonar og Hauks Guðmundssonar, að þeir geti krafist úrskurðar um þau atriði, er greinir í framangreindu bréfi þeirra. Fallist dómarrann ekki á beiðni sökunauts um að fá að hlýða á prófun vitna, þar sem hann telji ástæðu til að ætla, að sökunautur kunni að hafa þau áhrif á vitnið, að það segi ekki afdráttarlaust sannleikann, eða návist hans kunni að torvelda rannsókn málsins, sbr. 4. mgr. 77. greinar laga nr. 74/1974, bókar hann þá synjun sína í þingbók í réttarhaldi, þar sem þetta fellur undir eina af þeim mörgu ákvörðunum, sem dómarrann tekur varðandi framkvæmd rannsóknar sakamáls, enda verður ekki séð í lögum um meðferð opinberra mála, að sökunautur eigi sjálfskipaðan rétt til að vera viðstaddur yfirheyrslu vitna fyrir dómi. Gagnstæð regla væri óeðlileg, þar sem návist sökunauts er oftast til að torvelda rannsókn málsins, en

meginmarkmið hennar er, svo sem kunnugt er, að ganga úr skugga um sekt eða sýknu hans.

Þá verður ekki séð, að réttarörygginu sé stefnt í hættu með synjun, þar sem dómaranum ber að kynna sökunaut efni þeirra skjala, er varða gögn í hinu opinbera máli, þegar honum þykir það mega verða án hættu á því, að vitneskja sökunauts þar um verði notuð til þess að torvelda eða seinka rannsókn máls, og ávallt eigi síðar en í lok rannsóknar, sbr. 78. gr. laga um meðferð opinberra mála.

Með skírskotun til framanskráðs þykir ekki þörf á að taka afstöðu til annarra atriða í framangreindu bréfi.

Sigurberg Guðjónsson, skipaður setudómari, kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Synjað er framangreindri kröfu um úrskurð.

Miðvikudaginn 26. maí 1976.

Nr. 15/1975. **Hlökkver Örn Vilhjálmsson og Guðfinnur Jónsson**

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

gegn

Kristjáni Júlíussyni

(Gunnar Sæmundsson hdl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Magnús P. Torfason, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Nauðungaruppböð. Skuldabréf. Greiðslufall.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjendur hafa áfrýjað máli þessu með stefnu 10. febrúar 1975, að fengnu áfrýjunarleyfi 3. s. m. Krefjast þeir þess, að synjað verði um framkvæmd nauðungaruppböðs á rishæð hússins nr. 54 við Grettisgötu í Reykjavík ásamt bílskúr. Þeir